



Landsamtökin

Proskahjálp

Mannréttindi fyrir alla!

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir

Helstu nýmæli í lögnum og áherslur og breytingar vegna fullgildingar samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

2

Samningur SP um réttindi fatlaðs fólks fullgiltur árið 2016. – Áhrif fullgildingar á lög og framkvæmd

Íslenska ríkið fullgilti samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks árið 2016 og skuldbatt með því alla þá sem fara með opinvert vald og stjórnyslu á Íslandi, þ.e. hjá ríki og sveitarfélögum, til að framfylgja öllum ákvæðum þessa mannréttindasamnings.

4. gr. samnings SP. - Almennar skuldbindingar.

Aðildarríkin skuldbinda sig til þess að tryggja og stuðla að því að öll mannréttindi og mannfrelsi verði í einu og öllu að veruleika fyrir allt fatlað fólk án mismunar af nokkru tagi vegna fötlunar.

Aðildarríkin skuldbinda sig í þessu skyni til:

- a) að samþykkja öll viðeigandi lagaákvæði og ráðstafanir á sviði stjórnyslu og aðrar ráðstafanir til þess að þau réttindi sem eru viðurkennd með samningi þessum verði að veruleika,
- b) að gera allar viðeigandi ráðstafanir, þar með talið á sviði lagasetningar, til þess að gildandi lögum, reglum, venjum og starfsháttum, sem fela í sér mismun gagnvart fötlðuð fólk, verði breytt eða þau afnumin, ...

3

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir / Lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.
Framfylgd – Samráðsskylda.

1. gr. laga um þjónustu við fatlað fólk:

- **Við framkvæmd laga þessara skal framfylgt** þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem íslensk stjórnvöld hafa gengist undir, dænkum **Samningi Sammenrúðu þjóðanna um réttindi fatlaða fólks.**
- Samhljóða ákvæði tekið í lög um félagsþjónustu sveitarfélaga.

Samningur SP:

- „Þegar aðildarríkin undirbúa löggjöf sína og stefnu samningi þessum til framkvæmdar og vinna að því að taka ákvarðanir um málefni sem varða fatlað fólk skulu þau hafa náð samráð við fatlað fólk og tryggja virka þátttöku þess, einnig fatlaðra barna, með milligöngu samtaka sem koma fram fyrir þess hönd.“

Lög um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir og lög um félagsþjónustu sveitarfélaga:

- „Þá skulu stjórnvöld tryggja að fatlað fólk, þ.m.t. hagsmunasamtök þess, hafi áhrif á stefnumörkun og ákvarðanir er varða málefni þess.“

Nokkrar grundvallarreglur samnings SP.

afnræðisreglan.

- Aðildarríkin skulu þanna hvers kyns mismunun á grundvelli fótunar og tryggja fótluðu fólki jafna og skilvirka réttarvernd gegn mismunun af hvalda ástæðu sem er...
- Aðildarríkin skulu, [því skyni] að stuðla að jöfnuði og uppræta mismunun, gera allar viðeigandi ráðstafanir til að tryggja að fótluðu fólki standi **viðeigandi aðlögun** til bóða.

Lögformlegt hæfi (rétt hæfi og ger hæfi).

- Rétturinn til að taka ákvarðanir um hvernig maður hegar lífi sínu.
- Réttur til að fá viðeigandi stuðning til að **taka eigin ákvarðanir** / stað staðgöngu við ákvarðanir.

Sjálftætt líf.

- Stuðla að fullri aðild fatlaðs fólks og þátttöku þess í samfélaginu án aðgreiningar.
- Tryggja að fatlað fólk hafi tækifæri til þess að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra, og að því sé ekki gert að eiga heima þar sem tiltekið búsetuform ríkir.
- Fatlað fólk hafi aðgang að margi kosar þjónustu, svo sem heimbjónustu, búsetuarráðum og annarri stoðþjónustu samfélagsins, einnig að persónulegri aðstoð sem er nauðsynleg til að geta lifað í samfélaginu án aðgreiningar og til þess að koma í veg fyrir einangrun og aðskilnað frá samfélaginu.

Lög nr. 38/2018 um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.

3. gr. Rétturinn til þjónustu.

- Fatlaðir eiga rétt á allri almennri þjónustu.
- Ávallt skal veita fótluðu fólki þjónustu samkvæmt almennum lögum á sviði félagsþjónustu, húsnæðismála, menntunar, vinnumarkaðar, öldrunarþjónustu og heilbrigðisþjónustu
- Þjónusta skv. þessum lögum kemur sem viðbót við aðra þjónustu en ekki í staðinn fyrir hana.
- Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu allt að 15 stundir á viku, sbr. 26.-27. gr. laga um félagsþjónustu.
- Fólk á rétt á þjónustu þar sem það kys að búa.

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

4. gr. Yfirstjórn og eftirlit ráðherra.

- Félagsmálaráðherra hefur eftirlit með framkvæmd laganna, þar á meðal að þjónustan sé í samræmi við mörkið laganna og mannréttindalegar skuldbindingar.
- Ráðherra hefur eftirlit með hvort reglur sveitarfélags eigi sér nægjanlega lagastoð.
- Ráðherra getur kallað eftir tillögum frá sveitarfélögum um úrbætur á þjónustu eða lagt fram eigin tillögur.
- Ráðherra hefur umsjón með gerð þjónustu- og gæðaviðmiða.

Mun skýrari ákvæði um ábyrgð félagsmálaráðuneytisins á eftirliti með að farið sé eftir lögnum og mannréttindalegum skuldbindingum.

5. gr. Ábyrgð og eftirlit sveitarfélaga.

- Fallið er frá því ákvæði að sveitarfélög með undir 8.000 íbúa þurfi að hafa samvinnu um þjónustuna.

7

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

7. gr. Starfsleyfi.

- Nær til allrar starfsemi sem hefur þann megingilgang að veita fötluðu fólki sértæka aðstoð eða þjónustu.

9. gr. Búseta.

- Fatlað fólk á rétt á húsnæði í samræmi við þarfir þess og óskir og félagslegri þjónustu sem genir því kleift að búa á eigin heimili og stuðlar að fullri aðlögun þess og þátttöku í samfélaginu.
- Fatlað fólk á rétt á því að velja sér búsetustað og hvar og með hverjum það býr, til jafns við aðra. Oheimilt er að binda þjónustu við fatlað fólk því skilyrði, að það búi í tilteknu búsetuformi.

Ákvæði II til bráðabirgða.

Fötluðu fólki sem býr nú á stofnunum eða herbergjasambýlum skulu bjóðast aðrir búsetukostir samkvæmt lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim í samræmi við 9. gr.

8

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

11. gr. Notendastýrð persónuleg aðstoð (NPA).

- Aðstoðin skal vera skipulögð á forsendum notandans og undir verkstjórn hans. Ef notandinn á erfitt með að annast verkstjórn vegna fötlunar sinnar skal hann eiga rétt á aðstoð við hana.
- Tryggja þarf með reglum og í allri framkvæmd að fólk verði ekki mismunað um aðgang að NPA á grundvelli ungs aldurs eða fötlunar sinnar og afleiðinga hennar, eins og t.d. þroskahömlunar.
- Ákvæði til bráðabirgða I.**
- Sérstök ákvæði um tiltekin atriði sem gilda á tímabilinu 2018-2022.

9

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

12. gr. Einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir og þjónustuteymi.

- Samráð skal vera á milli þjónustuaðila innan félags-, heilbrigðis-, og menntakerfa. Skulu viðkomandi aðilar mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar sem hefur það hlutverk að útfæra þjónustu við viðkomandi, hafa samráð um þjónustuna og tryggja samfellu og gæði hennar.

10

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

13. gr. Þjónusta við fötluð börn og fjölskyldur þeirra. – Almennt.

- Tryggja skal að fötluð börn fái nauðsynlega þjónustu svo þau geti notið mannréttinda og mannhelgi til jafns við önnur börn og að þau geti lifað sjálfstæðu lífi og tekið þátt í samfélaginu án aðgreiningar. Þá skulu fötluð börn hafi raunverulegan aðgang að og njóta menntunar, hjáltnar, starfsundirbúnings og tómstunda. Í öllum aðgerðum sem snerta fötluð börn skal fyrst og fremst hafa það að leiðarljósi það sem er viðkomandi barni fyrir bestu og að stuðlað sé að félagslegri aðlögun og þroska þess. Tryggja skal fötluðum börnum rétt til þess að láta skoðanir sínar óhindrað í ljós eftir aldri þeirra og þroska.

- Fjölskyldur fatlaðra barna skulu fá nægilega þjónustu til þess að þeim verði gert kleift að tryggja að fötluð börn geti notið réttinda sinna til fulls og jafns við aðra.

Aukin áhersla á réttindi fatlaðra barna. Ákvæði þessarar greinar hafa áhrif á túlkun allra annarra greina laganna þegar fötluð börn eiga í hlut.

11

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

14. gr. Snemmtæk iðlutun og greining.

- Verði starfsmenn þess áskynja að barn hafi einkenni sem geti bent til skerðingar skulu þeir grípa til aðgerða þrátt fyrir að greining sérfræðinga liggji ekki fyrir.

16. gr. Frístundaþjónusta.

- Lögbundin þjónusta. Nær líka til daga þegar skólar starfa ekki sem ekki eru lögbundnir frídagar. Þjónustan nær líka til nemenda í framhaldsskólum. Þjónustan skal vera einstaklingsmiðuð og skal veita hana samhliða almennum frístundatilboðum.

12

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

17. gr. Skammtímadvöl.

- Fötluð börn og ungmenni eiga rétt á skammtímadvöl utan heimilis þegar þörf krefur.
- Foreldrar geta fengið stuðning heim í stað vistunar barns utan heimilis óski þeirr þess.

19. gr. Einstaklingsbundnar þjónustuáætlanir og þjónustuteymi.

- Fatlað barn sem hefur þörf fyrir viðvarandi fjölþættan stuðning þjónustukerfa félags-, heilbrigðis- og menntamála á rétt á einstaklingsbundinni þjónustuáætlun.
- Þegar barn þarf sérhæfða og mikla þjónustu margra þjónustukerfa, svo sem félagsþjónustu, barnaverndar, heilbrigðisþjónustu og sérfræðiþjónustu skóla, hvort sem er vegna fötlunar, raskana eða langvinnra sjúkdóma, skulu viðkomandi aðilar mynda þverfaglegt þjónustuteymi undir forystu félagsþjónustunnar eða skóla sem hefur það hlutverk að utfæra þjónustu við barnið, hafa samráð um þjónustuna og tryggja samföllu og gæði hennar

13

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

20. gr. Ráðgjöf vegna barna með fjölþættan vanda og/eða miklar þroska- og geðraskanir.

- Félagsmálaráðuneytið skipar sérfræðingateymi vegna barna með fjölþættan vanda og /eða miklar þroska- og geðraskanir sem þurfa annars konar og meiri þjónustu en hægt er að veita á heimili fjölskyldna þeirra. Teymið leggur heildstætt mat á stöðu og þjónustuþarfir barnsins og kemst að niðurstöð um hvers barnið þarfnast.

21. gr. Búseta barna utan heimilis.

- Komist sérfræðingateymi skv. 20. gr. að þeirri niðurstöðu að best sé fyrir barnið að búa annars staðar en hjá fjölskyldu sinni skal reynt að finna aðra fjölskyldu í nærsamfélagi.

14

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

22. - 23. gr. Atvinnumál.

- Vinnuálfstofnun fer með yfirstjórn og vinnumarkaðsaðgerðir atvinnu- og hæfingartengdrar þjónustu.
- Sveitarfélög fara með skipulag og rekstur vinnu- og hæfingarstaða nema annað sé ákveðið.
- Þjónusta við fatlað fólk skal samræma almennum vinnumarkaðsúrræðum.

15

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

26. gr. Stjórnendur og starfsfólk. - Hæfi og hæfni starfsmanna.

- Sveitarfélög skulu hafa á að skipa þroskaþjálfum til að starfa að verkefnum samkvæmt lögum þessum.
- Þau ákvæði sem gilda um sakavottorð þeirra sem starfa með fötluðu fólk gilda einnig um verktaka og undirverktaka sem ráðnir eru til að sinna verkefnum samkvæmt lögum þessum hjá sveitarfélögum, byggðasamlögum, ríki eða einkaaðilum sem veita fötluðu fólk þjónustu.

16

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

27. gr. Skyldur starfsmanna.

- Ríkari skyldur lagðar á starfsfólk í þjónustu við fatlað fólk. – Skylda til að tilkynna brot gegn réttindum.
- Starfsfólk sem sinnir þjónustu við fatlað fólk skal í öllum samskiptum við það gæta þess að sýna því fulla virðingu og hafa mannlega reisn fatlaðs fólks að leiðarljósi í öllum störfum sínum. Starfsfólk sem starfar í þjónustu við fatlað fólk skal standa vörð um hagsmuni þess og gæta þess að réttindi þess séu virt. Verði starfsfólk þess áskynja að réttindi fatlaðs einstaklings séu fyrir borð borin skal viðkomandi tilkynna það réttindagæslumanni í samræmi við lög um réttindagæslu fyrir fatlað fólk.

17

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

31. gr. Umsókn um þjónustu.

- Sérfræðiteymi hjá sveitarfélögum. Teymið skal vinna í samráði við umsækjanda. Teymið metur þjónustuþörf og hvernig þjónustan geti komið til móts við óskir umsækjanda og skal nota viðurkenndar matsaðferðir.
- Fötluð börn skulu eiga rétt á að láta í ljós skoðanir sínar.

32. gr. Frumkvæðisskylda.

- Sveitarfélög skulu hafa frumkvæði á því að kynna sér aðstæður fatlaðs fólks og gera því grein fyrir rétti sínum og kynna þá þjónustu sem það á rétt á og leiðbeina um réttarstöðu.

18

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

34. gr. Ákvörðun um þjónustu.

- Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrir séð er að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði. Þá skal veita honum aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.
- Ef umsókn er hafnað að hluta eða öllu leyti skal það gert með skriflegum röksemdum.

19

Lög um þjónustu við fatlað fólk.

35. gr. Kæruheimild.

- Hægt að kæra stjórnvaldsákvörðanir samkvæmt lögnum til úrskurðanefndar velferðarmála.
- Nefndin sker úr um hvort málsmeðferð hafi verið í samræmi við lög og ákvörðun í efnislegu samræmi við lagaákvæði og reglur.
- Úrskurðir nefndarinnar eru endanlegir á stjórnsýslusviði en hægt að fara með þá til dómstóla. – Einnig hægt að leita álits umboðmanns Alþingis.

36. gr. Samráðsnefnd

- Félagsmálaráðherra skipar samráðsnefnd um málefni fatlaðs fólks, sem er samráðsveittvangur ríkisins, sveitarfélaga og hágsmunaaðila. Hlutverk samráðsnefndarinnar er að vera ráðgefandi fyrir ráðherra við stefnumörkun í málefnum fatlaðs fólks.

20

Mikilvæg ákvæði í lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga varðandi réttindi fatlaðs fólks.

- **Samráð við notendur.** – 8. gr. Sérstök notendaráð í sveitarfélögum Tryggja skal þátttakendum í notendaráðum stuðning og þjáfun til virkar þátttöku.
- **Mat á stuðningsþörf.** – 27. gr. Sé stuðningsþörf vegna fötlunar meiri en svo að henni verði mætt með þjónustu eða aðstoð samkvæmt þessum kafla skal stuðningur samkvæmt lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir koma til viðbótar og þjónustan samþætt í þágu notanda.
- **Notendasamningar.** – 28. gr. Notandi stjórnar hver veitir aðstoðina, hvenær hún er veitt og hvernig. – Sjálfstætt líf, sbr. áherslur varðandi NPA.
- **Akstursþjónusta.** – 29. gr. Fatlað fólk á rétt á akstursþjónustu til að fara allra sinna ferða með þeim hætti sem það kys og á þeim tíma sem það velur.

21
